

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð

Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi) 15. mál, lagafrumvarp 📄 152. löggjafarþing 2021–2022.

Frumvarpið er endurflutt, sjá [543. mál á 151. þingi - velferð dýra](#).

Ritað af:

Pórður Daði Njálsson

Hundslund, 16. Janúar 2022

Undirritaður mælir eindregið með samþykki þessa frumvarps í heild sinni.

Aðal ástæður fyrir að ég mæli með að frumvarpið verði samþykkt eru:

- Að blóðhryssurekstur eru ekki í samræmi við íslensk lög um velferð dýra. Lög um velferð dýra: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013055.html>
- Að það muni skaða ímynd Íslands í hinum siðmenntaða heimi þar sem dýraréttindi eru talin mikilvæg og nauðsynleg
- Að það muni skaða ímynd Íslands í augum ferðamanna sem munu ekki styðja ferðamannahagkerfi sem hunsar hrottaskap gegn dýrum við dyrabrep þess sem leiðir til hugsanlegs fjárhagslegrar afturförs fyrir alla ferðapjónustu á Íslandi

Flóðbylgjur myndast við hristing, td. við jarðskjálfta, nedansjávargos eða við það að jarvegsflekarnir nuddast utan í hvern annan. Þegar svona gerist, er gripið til stæðstu mögulegra ráða, til að koma í veg fyrir þær hryllingsafleiðinga, sem slíkt getur gefið af sér, Damage control.

Hvað er hann nú að tala um, mundu margir örugglega hugsa. Ég er einfaldlega að hugsa um blóðmerahald og þær afleiðingar sem það getur haft fyrir Ísland og Íslendinga. Hvaða áhrif það getur haft á ferðamannastrauminn til Íslands og þar af leiðandi tekjutap fyrir þjóðina. Ég er að hugsa um tekjutap fyrir íslenska hrossaræktendur, þ.e.a.s. þá sem rækta gæðahross, bæði sem fjölskylduhesta og keppnishesta. Það þarf að taka með í umræðuna, að erlendis eru nú ræktuð svo góð hross, að útlendingar þurfa ekki að fara til Íslands til að finna sér góðan íslenskan hest. Þar styður undir að íslenski hesturinn fæddur á erlendri grund, fær sjaldan sumareksem. Blóðmerahaldið getur trúlega bara verið dropinn frægi, sem fyllir bikarinn. Séð burt frá fjárhagslegu hliðinni, er líka vert að hugsa örlítið út í mannorð okkar Íslendinga út á við. Hvernig við förum með þennan stórkostlega hest sem við erum svo óendanlega stolt af. Það er alltaf verið að nefna hér erlendis, að það sé synd að við íslendingar látum hestana ganga úti í allskonar veðri. En það er þó látið liggja, vegna þess að flestir vita að það er hluti af þróun íslenska hestsins í meira en 1000 ár. Slíkt hestahald er harðbannað erlendis, með fáeinum undartekningum. En þar kemur dropinn aftur!!!

Ofan í þetta allt beitum við ofbeldi gegn þessum aumingja merum, sem hafa verið svo óheppnar að lenda í blóðmerabúskap. Margir halda því fram að þetta svokallaða “áróðursvideó” sé falskt. En þetta eru ekta manneskjur, sem lemja ekta merar. Hjá því er ekki komist og þetta lítur hryllilega út, skammarlegt. Þar að auki er farið að framleiða þetta

hormón, sem er unnið úr mererblóðinu, í efnafræðistofum/fyrirtækjum. Þar af leiðandi er þetta hvort sem er bara spurning um tíma, hvenær þessi búgrein hverfur.

Ég skora þess vegna á Íslensk stjórnvöld, að grípa inn og banna blóðmerabúskap. Gera það og bjarga ærunni og halda okkar tiltölulega hreinu samvisku og áliti annarra þjóða á okkur, sem dýravinum, ekki dýraníðingum.

Í von um heilbrigða skynsemi hjá íslenskum yfirvöldum.

Þar af leiðandi fer ég Þórður Daði Njálsson þess á leit við stjórnvöld á Íslandi að þau banni samstundis blóðtöku fylfullra hryssa, svokallaðra blóðmera, á Íslandi.

Virðingafyllt

Þórður Daði Njálsson